

# Lög

## um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Á eftir orðunum „Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur:  
eða sparisjóðs.

### 2. gr.

Við 5. mgr. 103. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömuleiðis er lögreglu  
skylt að færa aðila til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins ef hann hefur að for-  
fallalausú ekki sinnt kvaðningu þess efnis.

### 3. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
Fjárhæðir í ákvæðum A- og B-liðar 68. gr., 77. gr., 82. gr. og 83. gr. laganna, sem breytt  
var með lögum nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt,  
koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og  
eigna á árinu 2003 og við ákvörðun bóta á árinu 2004. Enn fremur kemur ákvæði c-liðar  
5. gr. laga nr. 143/2003, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, til  
framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna og eigna á  
árinu 2003.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 27. maí 2004.*